



Alþingi
Erindi nr. P 139/1071
komudagur 3.1.2011



Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. janúar 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum, 186. mál

Frumvarpið skiptist í nokkra kafla og fjallar um drykkjarvöruumbúðir, rafhiður, námur og skilakerfi. Auk þess er lögð til breyting á nokkrum almennum ákvæðum. Samtökin styðja frumvarpið í megindráttum en hér á eftir fara athugasemdir við einstaka kafla frumvarpsins.

Almenn ákvæði

Í 2. gr. kemur fyrir orðalagið „umhverfisvæn endurnotkun, endurnýting og förgun“. Umsagnaraðilar vita ekki til að þetta orðalag hafi áður verið notað í íslenskri löggjöf og átta sig ekki á hvað átt er við. Reynslan sýnir að illa skilgreind hugtök sem þessi eru varhugaverð í lagatexta og kalla á túlkanir um hvað raunverulega felist í þeim. Lagt er til að hugtakið verði skilgreint í lögnum, að öðrum kosti er lagt til að orðið „umhverfisvæn“ falli á brott.

Drykkjarvöruumbúðir

Þessi hluti frumvarpsins hefur verið lengi í bígerð. Það sem gerir málið erfitt er að núverandi fyrirkomulag hefur reynst ágætlega og nokkuð góð sátt ríkir um það. Hættan er að nú glatist það góða starf sem unnist hefur. Reynt er að finna leið til að breyta því sem breyta þarf án þess að starfsemin og virkni kerfisins líði fyrir. Viðkvæmustu breytingarnar eru annars vegar að færa innheimtu frá tolli og hins vegar að opna fyrir að fleiri en eitt skilakerfi geti starfað. Fyrri atriðið eykur hættu á undanskotum og það síðara getur breytt miklu um fyrirkomulagið.

Stærsti hagsmunaaðilinn í þessu máli eru gosdrykkjaframleiðendur. Lagt er hátt gjald á þeirra vörur og ef undanskot eru hjá samkeppnisaðila skerðir það verulega samkeppnisstöðu. Á hverja einingu er álagt 14 kr. skilagjald, auk umsýslugjalds, á meðan úrvinnslugjald á plastumbúðir er 12 kr. á hvert kíló af plasti, sem gerir í tilfelli drykkjarvöru nokkra aura á einingu. Munurinn á þessu tvennu er augljós og hagsmunirnir eru miklir.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að eitt félag geti séð um söfnun og endurvinnslu umbúðanna eins og verið hefur. Það er gert með því að ráðherra getur kveðið á um að allir framleiðendur drykkjarvöru starfi saman í einu kerfi, ef aðilar með yfir 70% markaðshlutdeild eru sammála um það. Ef ekki þá er gert ráð fyrir að skilakerfin geti orðið fleiri. Vegna þeirra miklu hagsmuna sem hér eru í húfi er lagt til



að þessu ákvæði verði breytt í frumvarpinu og að krafan um markaðshlutdeild verði lækkuð úr 70% í 60%. Rökin eru þau að ábyrgð ríkisvalds hlýtur að vera ríkari þar sem skilagjald er lagt á, heldur en þar sem einföld framleiðendaábyrgð á söfnun og endurvinnslu úrgangs er lögð á. Taki fleiri en eitt skilakerfi til starfa er komin upp svipuð staða og myndast hefur um raftækjaúrgang og ljóst að flækjustigið mun aukast mikið. Það krefst reglna um greiðslur milli kerfa. Einnig er mjög auðvelt að rugla almenning í ríminu og hugsanlegt að neytendur þurfi að skila umbúðum til mismunandi skilakerfa. Hættan er sú að heimtur umbúða versni og að umhverfislegur ávinningur verði minni en verið hefur. Samtökin telja miklar líkur á að framleiðendur velji að starfa saman þar sem kerfið er þungt í rekstri og aðgangshindranir talsverðar. Framleiðendur og innflytjendur eru einnig mun færri en á við um t.d. raftæki. Hefð er í nágrennalöndum að einungis sé rekið eitt kerfi utan um söfnun drykkjarvöruumbúða og hefur það gefið góða raun, líkt og áratugareynsla hérlendis hefur sýnt.

Umsagnaraðilar leggja til að reynt verði að einfalda orðalag þessa kafla frumvarpsins og gera það skýrara. Þannig er enginn munur gerður á framleiðenda umbúða og framleiðenda drykkjarvöru en ákvæði frumvarpsins fjalla um drykkjarvöru sem fellur undir tiltekna tollflokka ásamt umbúðum þeirra.

Raf- og rafeindatæki

Nú hafa skilakerfi fyrir raf- og rafeindatækjaúrgang verið rekin í tvö ár og með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem taka á vandkvæðum sem upp hafa komið. Það er gert m.a. með því að tilgreina tollflokka sem raf- og rafeindatæki falla undir og heimila tollayfirvöldum að stöðva innflutning ef innflytjandi er ekki í skilakerfi. Að öðrum kosti geta tollmiðlarar tekið að sér að greiða gjaldið. Þessi breyting er mjög til bóta og dregur úr líkum á því að einstakir framleiðendur skjóti sér undan ábyrgð. Auk þess er lagt til að verkefni stýrinefndar færist til Úrvinnslusjóðs. Hér er verið að færa skilakerfaleiðina svokölluðu nálægt úrvinnslusjóðsleið.

Umsagnaraðilar telja ástæðu til að skoða að fara alla leið og færa raf- og rafeindatækjaúrgang alfarið undir Úrvinnslusjóð. Margt mælir með þessu. Meðferð úrgangsins er í engu frábrugðin þeim vöruflokkum sem nú þegar falla undir Úrvinnslusjóð og í ljós hefur komið að innflytjendur raftækja eru mörg þúsund á hverju ári. Einföld innheimta í tolli einfaldar utanumhald og tryggir að undanskot verði ekki. Skilakerfi, sem og innflytjendur sem að þeim standa, og ráðstöfunaraðilar hafa lýst yfir vilja til að fara þessa leið. Þar sem ljóst er að tíma tekur að vinna að slíkri breytingu styðja umsagnaraðilar frumvarpið með eftirfarandi breytingartillögum:

Í 11. gr. b. koma fram 10 flokkar raftækja. Þeir eru tilgreindir í ESB tilskipuninni en vitað er að til stendur að fækka þeim. Lagt er til að ráðherra verði heimilt að ákveða flokkun í reglugerð svo einfaldara verði að breyta henni.

Í 13. gr. er lagt til að verkefni stýrinefndar færist til Úrvinnslusjóðs. Umsagnaraðilar styðja þetta því verkefnið eru það umfangsmikil að þau krefjast festu og eiga illa heima hjá meðlimum stýrinefndar sem tilnefndir eru til ákveðins tíma í senn. Samstarf hefur verið milli Úrvinnslusjóðs og stýrinefndar svo vel fer á því að sjóðurinn taki þetta hlutverk að sér. Hér eru þó gerðar athugasemdir við orðalag frumvarpsins sem er óljóst. Sagt er að Úrvinnslusjóður fari með hlutverk stýrinefndar en hlutverk



stjórnar sjóðsins skv. lögum um úrvinnslugjald sé ekki á ábyrgð stýrinesndar. Í greinargerð er sagt að það bætist við hlutverk stjórnar Úrvinnslusjóðs. Því er beint til nefndarinnar að skýra hvað átt er við.

Í 15. gr. er lagt til að eftirlitsaðilar geti kallað eftir upplýsingum um „sölumagn“ raf- og rafeindatækja frá skilakerfum. Skilakerfi halda ekki utan um þessar upplýsingar og engin þörf er á að þau geri það. Skilakerfi byggja innheimtu sína á innflutningsgögnum og halda einnig utan um upplýsingar um safnað magn úrgangs og meðferð hans. Ætla verður að þau gögn séu einnig nægjanleg fyrir eftirlitsaðila, sem hafa nú þegar aðgang að þeim. Lagt er til að heimild til að fá upplýsingar um „sölumagn“ falli á brott úr frumvarpinu.

Í 16. gr. er lagt til ráðherra geti að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar „sett gjaldskrá fyrir veitta þjónustu, eftirlit og verkefni stofnunarinnar vegna raf- og rafeindatækjaúrgangs. Upphæð gjalda skuli taka mið af kostnaði við veitta þjónustu og verkefni...“. Hér er lykilatriði að sýnt sé fram á að kostnaður aukist frá því sem nú er vegna umrædds málaflokks. Töluverður sparnaður m.t.t. tíma og fjármagns verður við það eitt að sett er á fót einskonar „stoppeðferð“ í tolli. Ennfremur er ljóst að ef herða á eftirliti þurfa verklagsreglur að vera skýrar og útlagður kostnaður verður jafnframt að vera óvæfengjanlegur.

Úrgangur frá námum

Með frumvarpinu er ætlunin að lögleiða Evróputilskipun um úrgang frá námum. Það er skilningur umsagnaraðila að engin starfsemi hér á landi falli undir þessa tilskipun eins og er. Um grjótnám og efnistöku er fjallað í lögum um náttúruvernd og úrgangur þeirrar starfsemi er utan gildissviðs hinna nýju lagaákvæða. Mikilvægt er að þetta sé alveg skýrt.

Virðingarfyllst,

Bryndís Skúladóttir,
Samtök iðnaðarins

Andrés Magnússon,
SVP – Samtök verslunar og þjónustu